



Ríkisreikningur 2020 – neikvæð afkoma en ódýrara að fjármagna mikinn halla

Fjársýsla ríkisins hefur nú birt ríkisreikning fyrir árið 2020 og er niðurstaðan sú að rekstrarafkoman var neikvæð um 144 ma.kr. til samanburðar við 42 ma.kr. afgang árið 2019.

Tekjur ríkissjóðs námu samtals 801 mö.kr. á árinu 2020 og lækkuðu um 3,4%. Rekstrargjöld voru 990 ma.kr. og jukust um 22,4%. Þar með er ekki öll sagan sögð. Afkoma ríkissjóðs samkvæmt ríkisreikningi er ekki alveg sambanburðarhæf við tölur í fjármálaáætlun og fjárlögum. Til að fá réttan samanburð þarf að aðlaga niðurstöðu ríkisreiknings að þeim hagskýrslustaðli sem notaður er í fjárlögum og fjármálaáætlun.

Á þeim grunni var heildarafkoma ríkissjóðs neikvæð um 218 ma.kr. í fyrra sem er um 208 ma.kr. lakari niðurstaða en endurskoðuð áætlun ársins gerði ráð fyrir. Fjárlög ársins 2020 gerðu hins vegar ráð fyrir að heildarafkoma yrði neikvæð um 10 ma.kr.


Það mátti greinilega sjá strax á ríkisreikningi ársins 2019 að á þeim tíma var tekið að þyngja á í hagkerfinu. Síðustu þrjú ár á undan var lokaniðurstaða ríkisreiknings í góðu samræmi við samþykkt fjárlög, þó að róðurinn væri tekinn að þyngjast á árinu 2019. Síðan birtist Kórónakreppan í upphafi ársins 2020. Vonir stóðu í upphafi til að hún stæði stutt yfir, en um mitt ár 2020 var hins vegar orðið ljóst að Ísland stæði frammi fyrir djúpstæðu efnahagsáfalli, líkt og gilti um allt heimshagkerfið.

Skuldir aukast milli ára

Heildarskuldir ríkissjóðs eins og þær birtast í efnahagsreikningi voru um síðustu áramót um 2.300 ma.kr., og höfðu hækkað um tæp 20% milli ára að nafnvirði.


Langtímaskuldir voru um 1.085 ma.kr. og hækkuðu um tæp 15%. Ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar voru 746 ma.kr. í lok árs 2020 og jukust um rúm 3% sem er mun minna en var árin þar á undan.

Tekjuafgangur í fjárlögum og ríkisreikningi



Heimild: Ríkisreikningur 2020

Skuldir ríkissjóðs - nafnvirði



Heimild: Ríkisreikningur



Skammtímaskuldir jukust mikið á milli ára eða um tæp 83%.

Skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu jukust úr 63% upp í 78% miðað við þessa skilgreiningu, en landsframleiðslan dróst líka saman í fyrra. Til samanburðar fóru skuldir ríkissjóðs upp undir 110% af landsframleiðslu á árinu 2011.

Vaxtjöfnuður svipaður og var 2018

Þrátt fyrir skuldaukningu lækkuðu vaxtagjöld ríkissjóðs um rúm 3% milli 2019 og 2020, en vaxtatekjur þrefölduðust milli ára. Vaxtjöfnuður batnaði þannig um u.þ.b. 10 ma.kr. milli ára og var um 46 ma.kr. á árinu 2020.

Þrátt fyrir verulega skuldaaukningu á síðasta ári er nokkuð ljóst að mun ódýrara er nú fyrir ríkissjóð að fjármagna hallarekstur en var í síðustu kreppu. Á árinu 2009, í upphafi fjármálakreppunnar, námu vaxtagjöld ríkissjóðs rúmum 19% af tekjum ársins. Í fyrra var þetta hlutfall 7,6% og var óbreytt frá fyrra ári þrátt fyrir skuldaaukninguna og lækkun tekna. Kjör á lánsfjármörkuðum eru nú verulega betri en var í síðustu kreppu þannig að fjármögnun mikils halla er mun ódýrari.

Stórt hlutverk ríkissjóðs

Ólíkt því sem var í síðustu kreppu einsetti ríkisstjórnin sér frá upphafi að beita ríkisfjármálastefnunni af krafti til að styðja við hagkerfið, bjarga störfum, verja fjárhag heimilanna og skapa viðspyrnu fyrir verðmætasköpun í kjölfar kreppunnar. Ríkisfjármálunum hefur því verið beitt með mun markvissari hætti nú til þess að draga úr fyrirsjáanlegum efnahagssamdrætti.

Það kom sér vel í þetta skipti að skuldir ríkissjóðs höfðu verið lækkaðar mikið á undangengnum árum þannig að staða stjórnvalda til þess að grípa inn af krafti var betri en víða annars staðar.


Skuldadagarnir koma hins vegar aftur og því áfram mikilvægt að vel verði haldið á spilunum.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.


Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.

Skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af VLF




Heimild: Ríkisreikningur, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Vaxtatekjur og -gjöld ríkissjóðs



Heimild: Ríkisreikningur, Hagstofa Íslands

Vaxtagjöld sem hlutfall af tekjum ríkissjóðs



Heimild: Ríkisreikningur